

## Lestrartækni

Áður en þú byrjar að lesa bók í fyrsta sinn ættir þú að fletta henni og skoða hana til að kynna þér efni hennar. Gott er skoða eftirfarandi:

- Formáli, kynning:
  - Þessi hluti gefur til kynna tilgang höfundarins með bókinni, fræðilega stöðu hans/hennar, hvernig höfundur vill að bókin sé notuð og hvernig uppbygging hennar er.
- Efnisyfirlit:
  - Hérna færðu hugmynd um um hvaða efni er fjallað í hverjum kafla og í hvaða röð það er sett fram.
- Kaflar:
  - Hvernig er köflunum skipt niður? Eru námsmarkmið í byrjun hvers kafla? Eru undirfyrirsagnir og/eða feitletruð og skáletruð orð sem þú verður að kunna skil á? Er spurningasafn eða samantekt í lok hvers kafla eða jafnvel í bókarlok um hvern kafla?
- Atriðaorðaskrá:
  - Listi (aftast í bókinni) sem gefur hugmynd um merkingu hugtaka og er einnig tilvísun í orð í bókinni.

Annað sem gott er að hafa í huga:

- Skoðaðu vel allan texta sem er á spássíum í bókinni.
- Skoðaðu vel allar myndir og lestu textann undir myndinni.
- Hafðu í huga öll orð sem eru skáletruð, undirstrikuð eða feitletruð.
- Beindu athygli að upptalningum og texta sem er inndreginn.

Lauslega þýtt af:

<http://www.dyslexia-college.com/reading.html>